

82. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 16. september 2025, kl. 15:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Jón Kort Ólafsson formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Hanna Valdís Hólmarsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

S. Guðrún Hauksdóttir boðaði forföll en Íris Hauksdóttir mætti ekki og boðaði ekki varamann.

Dagskrá

1. Fundir vetrarins

Skólameistari lagði fram tillögu að því að fundir yrðu þriðja þriðjudag í nóvember, janúar og mars í fjarfundi en staðfundur í byrjun júní. Samþykkt samhljóða.

2. Kjör formanns

Jón Kort Ólafsson gefur áfram kost á sér sem formaður. Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir samninga sem eru í gildi

Skólameistari fór yfir samninga sem eru í gildi milli skólans og annarra aðila. Uppfærðan lista má finna á heimasíðu skólans.

4. Rekstrarstaða

Fjármálastjóri, Elsa Guðrún Jónsdóttir, mætti á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir rekstrarstöðu skólans. Staðan á rekstri skólans er í samræmi við áætlun.

5. Sjálfsmat

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir sjálfsmati skólans fyrir skólaárið 2024-2025. Sjálfsmatið kemur almennt vel út. Sjálfsmatsskýrslu hefur verið skilað til ráðuneytis og hana má finna á vef skólans. Umræður urðu um ýmislegt í skólastarfinu sem liggur að baki sjálfsmatinu.

6. Tengsl við atvinnulíf

Skólameistari upplýsti að áhersla skólans á síðasta ári hefði fyrst og fremst verið á gervigreind og heimsmarkmið. Ekkert hefur breyst varðandi tengsl við atvinnulíf og samningar óbreyttir.

7. Erlend verkefni

Ida sagði frá því að tvö Nordplus-verkefni væru að klárast. Eitt Nordplus-verkefni með Finnlandi og Eistlandi er í gangi og nú er nemendahópur á leið til Eistlands ásamt tveimur kennurum. Enn eru eftir 5 nemendaferðir í vetur. Lára fór yfir þær endurmenntunarferðir kennara sem framundan eru á haustönn á styrkjum Erasmus og Nordplus. Hanna Valdís, formaður nemendaráðs, fór yfir stöðuna á ferð nemendaráðs til Kaupmannahafnar að heimsækja tvo framhaldsskóla. Ferðin verður farin í nóvember.

Ida sagði frá verðlaunum fyrir nýsköpun í skólastarfi sem skólinn hefur fengið frá Evrópusambandinu fyrir verkefni þar sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru tvinnuð inn í allt skólastarf. Skólinn verður fulltrúi Íslands við athöfn í Brussel í

nóvember.

8. Önnur mál

8.1 Breytt gjaldskrá fyrir fjarnám

Skólameistari lagði fram tillögu um að hækka innritunargjald fyrir fjarnám. Einn áfangi kostar 19.000 og tveir og fleiri áfangar kosta 32.000. Samþykkt samhljóða.

8.2 Skólafundur

Hanna Valdís upplýsti um skólafund sem haldinn verður á morgun. Hún sagði frá viðfangsefni fundarins en þar verður meðal annars fjallað um nýtt fyrirkomulag í vinnutímum.

8.3 Fjarvera skólameistara á haustönn

Skólameistari gerði grein fyrir því að hún færi í tveggja vikna sumarfrí í október. Þá fer hún einnig til Noregs og verður með fyrirlestur þar og eftir það fer hún í námsferð til Singapore.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:16.